



Sauðárkróki, 26. október 2018

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggingarstofnunar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033, mál 173 og tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023, mál 172.

Síðari þingsályktunartillagan er fimm ára framkvæmdaáætlun fyrri þingsályktunarinnar og því er hér valið að fjalla fyrst um langtímaályktunina og víkja síðan stuttlega að þeirri síðari.

Meginbreytingin er að með lögum um samræmingu áætlana á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála nr. 53/2018 hafa skapast möguleikar til að samþætta áætlanir á þessum sviðum þar sem þær ná allar til 15 ára með fimm ára aðgerðaáætlunum og að allar eru þær endurskoðaðar á þriggja ára fresti. Að auki er gert ráð fyrir samþættingu við aðrar áætlanir svo sem kerfisáætlun um uppbyggingu raforkudreifikerfis landsins og landsskipulagsstefnu og þó að tímabil þeirra áætlana séu önnur eru þetta allt langtímaáætlanir. Þessi nýbreytni gefur verulega möguleika til að móta framtíðarsýn og samhæfa innviðauppbyggingu í landinu. Raunar var þessi samhæfing þegar hafin áður en í þingsályktunartillögu um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033 segir að samgönguáætlun hafi verið unnin samhliða og samþætt byggðaáætlun 2018-2024 og fleiri langtímaáætlunum.

Byggingamálum er gefið verulega aukið vægi en í greinargerð með tillögum í kafla 1.1 samþætting áætlana segir eftirfarandi um lagskiptingu áætlana: „Efst eru markmið byggðaáætlunar sem segja til um hvaða markmiða þurfi að taka tillit við vinnslu bæði fjarskipta- og samgönguáætlunar sem nú þegar hafa samræmd meginmarkmið.“

Auk þessa er í samgönguáætlun tilgreint undirmarkmið um jákvæða byggðapróun. Fjölmargar aðgerðir sem falla undir undir markmið um greiðar, öruggar og hagkvæmar samgöngur hafa einnig umtalsverð



áhrif á byggðapróun. Nánar tilgreindar aðgerðir sem heyra undir jákvæða byggðapróun stefna að því að efla vinnu- og skólasóknarsvæði með því að gera samgöngur greiðari og hagkvæmari. Einnig er talið mikilvægt að efla almenningssamgöngur og þar með talinn stuðningur við innanlandsflug. Nýlegar kannanir hafa raunar leitt í ljós að karlar og konur nota innanlandsflug með mismunandi hætti, karlar oftast í vinnutengdum erindum sem atvinnurekendur greiða oft fyrir en konur í erindum sem eru greidd af notendum.

Því má ljóst vera að allri þessari stefnumörkun er ætlað að móta aðgengi landsmanna að þjónustu og annarri starfsemi í landinu og þá með það að markmiði að þegnar njóti meira jafnræðis en áður. Bygðastofnun tekur undir þau markmið.

Bygðastofnun tekur ekki afstöðu til þess hvernig einstakar framkvæmdir raðast á einstök ár innan áætlanatímabila og þar með þeirrar röðunar sem fram kemur í tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlunar fyrir árin 2019-2023. Miðað við fagleg vinnubrögð sem einkenna samgönguáætlun í heild er það væntanlega gert með hliðsjón af mikilvægi þeirra fimm meginmarkmiða sem lögð eru til grundvallar. Öruggar samgöngur vega áreiðanlega hvað þyngst þegar forgangsröðun er ákvörðuð, enda afleiðingar óöruggra samgangna án efa afdrifaríkastar í hugum flestra.

Fyrir hönd Bygðastofnunar,

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði Bygðastofnunar